



## Skipulagsskrá lista- og menningarsjóðs Norðurþings

---

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Lista- og menningarsjóður Norðurþings.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Bæjarstjórn Húsavíkur á 40 ára afmæli Húsavíkurkaupstaðar og er eign Norðurþings.

### 3. gr.

3. gr. Hlutverk sjóðsins er að efla list- og menningarviðburði af ýmsu tagi í Norðurþingi svo sem með kaupum listaverka, styrkjum til félagasamtaka, eða öðru því sem styrkir listir og menningu og stjórn sjóðsins ákveður.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000.- sem ekki má skerða.

### 5. gr.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs, en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita með þeim hætti sem fjölskylduráð ákveður hverju sinni.

### 6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag, sem bæjarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni. Einnig gjafafé og annað fé og eignir sem sjóðnum kunna að áskotnast.

### 7. gr.

Norðurþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins og skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

### 8. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er tekjur sjóðsins samkvæmt 6. grein ásamt verðbótum samkvæmt 5. grein.

### 9. gr.

Fjölskylduráð Norðurþings, sem kosið er skv 52.gr. samþykktu um stjórn

og fundarsköp Norðurþings, fer með stjórn sjóðsins. Fjölskylduráði er þó heimilt að fela öðrum að annast úthlutun úr sjóðnum en skal þá vera skriflegur samningur um slíka framkvæmd. Ráðið skal setja sér reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Ráðið skal færa allar ráðstafanir vegna sjóðsins í gerðabók sína.

### **10. gr.**

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi byggðarráðs. Eignir sjóðsins skulu færðar sérstaklega í efnahagsreikning sveitasjóðs. Fjárreiður skulu endurskoðaðar af löggiltum endurskoðanda sveitarfélagsins.

### **11. gr.**

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki sveitarstjórnar Norðurþings.

Samþykkt af bæjarstjórn 21. október 2014 (Skipulagsskrá þessi var upphaflega samþykkt á fundi bæjarstjórnar Húsavíkur 10. apríl 1990, og hét sjóðurinn þá Listaverkasjóður Húsavíkur, skipulagsskránni var breytt að hluta á fundi bæjarstjórnar 21. febrúar 1995, skipulagsskránni var aftur breytt í janúar 2000, í desember 2002, nóvember 2006. Uppfærð í samræmi við stjórnskipulag í júní 2007 og aftur í mars 2011). Uppfært í samræmi við stjórnskipulag í 23.mai. 2018.

